

Nd.

914. Breytingartillögur

við frumv. til l. um viðauka við l. nr. 78 1933, um Kreppulánasjóð (þskj. 852).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Vextir bréfanna skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundraði á ári, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig, að öll bréfin séu innleyst á 30 árum, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. Við 5. gr. Við greinina bætist: Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda.

3. Við 7. gr. Fyrir „5“ kemur: $5\frac{1}{2}$.

4. Við 8. gr. Síðasta málsg. orðist svo:

Vextir skuldabréfa þessara skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundraði á ári, og fer um innlausn þeirra samkv. 2. gr. laga þessara.

5. Við 9. gr.

a. Á undan „lánardrottins“ í 1. mgr. kemur: innlands.

b. Niðurlag greinarinnar orðist svo:

Lánardrottinn eða skuldareigandi er þó eigi skylt að taka skuldabréf þessi með nafnverði til greiðslu á:

1. Lánnum, sem veitt hafa verið sem rekstrarlán til atvinnufyrirtækja, er bæirnir reka sjálfir eða hafa útvegað atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru á þeirra vegum.

2. Veðdeildarlánnum og D-lánnum Landsbanka Íslands, sem tryggð eru með veði í eignum og tekjum bæjarfélaga.

3. Bráðabirgðalánnum og skuldum, sem stofnaðar hafa verið á árinu 1935 og greiðast skulu fyrir árslok 1936, að undanteknum skuldum við önnur sveitarfélög, kaupstaði og sjúkrahús, vegna fátækraframfæris.

4. Vinnulaunum og kaupgjaldi.

Ákvæðin í 1.—4. tölul. hér að framan gilda einnig um skuldabréf hreppsfélaga samkvæmt 1. kafla þessara laga.

6. Við 13. gr.

a. Fyrir „5“ kemur: $5\frac{1}{2}$.

b. Fyrir „42“ kemur: 30.